

Iceland Resources ehf.
Vt. Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir
Skipasundi 82
104 Reykjavík

Mosfellsbæ, 19. ágúst 2021
Erindi nr. 202108139/- JBH

Efni: Beiðni um frekari gögn vegna rannsóknarborana í Þormóðsdal í tengslum við mat á því hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld.

Með bréfi dags. 9. ágúst sl. var af hálfu Mosfellsbæjar óskað eftir fullnægjandi gögnum um fyrirhugaða rannsóknarborana í Þormóðsdal. Í bréfinu kom fram að af hálfu Mosfellsbæjar væri þó nokkrum spurningum ósvarað til þess að hægt verði að skera úr um hvort framkvæmdin þarfnist framkvæmdaleyfis. Var þess óskað að fyrirtækið legið fram gögn um staðsetningu borana, lýsingu á framkvæmdinni, umfangi, áætlað rask á svæðinu s.s. borplön, framkvæmdatíma og annað því tengt.

Mosfellsbæ barst bréf dags. 13. ágúst sl. þar sem fram komu ýmis sjónarmið fyrirtækisins m.a. er lýtur að því hvort framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld. Með erindinu fylgdi jafnframt erindi fyrirtækisins til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis (HKJ) dags. 10. júní, kort af borsvæðinu og afrit af tölvupósti dags. 11. júní þar sem afrit af bréfi til HKJ var sent Mosfellsbæ.

I.

Á fundi með fyrirtækinu sem fram fór 19. ágúst voru af hálfu Mosfellsbæjar m.a. gerðar athugasemdir við að Mosfellsbæ hafi aldrei borist formlegt erindi þar sem áformum fyrirtækisins er lýst með ítarlegum hætti, þá hafi ekki borist umsókn um framkvæmdaleyfi. Var af hálfu Mosfellsbæjar á það bent að þær skýringar og upplýsingar sem fyrirtækið hafi lagt fram séu ekki fullnægjandi um framkvæmdina til að sveitarfélagið geti tekið afstöðu til hennar.

Á fundinum kom jafnframt fram að fyrirtækið hafi þegar hafið framkvæmdir. Af hálfu Mosfellsbæjar voru gerðar verulegar athugasemdir við slíkt enda hafi ekki verið tekin afstaða til þess hvort framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld. Var á fundinum gerð sú krafa að allar framkvæmdir verði stöðvaðar tafarlaust þar til að fyrir liggur hvort að þörf sé á framkvæmdaleyfi. Slík ákvörðun getur eingöngu byggt á formlegri umsókn um framkvæmdaleyfi og gögnum frá fyrirtækinu til Mosfellsbæjar sem fer með bæði skipulagsvald og hefur með höndum leyfisveitingar vegna framkvæmda þar með talið rannsókna eins og þessarar.

Niðurstaða fundarins var sú að Mosfellsbær myndi rita félaginu bréf þar sem kallað verði eftir gögnum sem Mosfellsbær telur skorta í málinu.



II.

Af hálfu Mosfellsbæjar eru gerðar verulegar athugasemdir við ýmislegt sem fram kemur í bréfi félagsins og þær túlkanir þar koma fram um skyldur stjórnvalda og kröfur gildandi löggjafar.

Samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess. Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum. Þá segir að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir auk þess að ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem við eiga. Þetta ætti fyrirtækinu að vera ljóst enda sótti það um framkvæmdaleyfi vegna rannsókna á sama svæði á árinu 2016.

Um framkvæmdaleyfi er jafnframt fjallað í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Í 4. og 5. gr. hennar er fjallað almennt um framkvæmdaleyfi og hvaða framkvæmdir séu háðar framkvæmdaleyfi. Sérstaklega er fjallað um það hvaða framkvæmdir teljist meiriháttar en þar segir m.a. að óheimilt sé að hefja slíkar framkvæmdir nema fyrir liggja samþykki leyfisveitanda um útgáfu framkvæmdaleyfis og útgefið framkvæmdaleyfi. Við mat á því hvort framkvæmd telst meiriháttar skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif. Jafnframt segir að leyfisveitandi meti hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þá er í 5. gr. talin upp dæmi um framkvæmdir sem geti verið háðar framkvæmdaleyfi jafnframt og í 2. mgr. hvað átt sé við með óverulegri framkvæmd. Í 5. gr. reglugerðarinnar er jafnframt vísað til þess að umsækjanda og viðkomandi sveitarfélagi sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu framkvæmdaleyfisskyldar.

Í 7. gr. reglugerðarinnar eru talin upp þau gögn sem skulu fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi.

Af hálfu fyrirtækisins hefur ítrekað komið fram bæði í bréfi og á fundi að fyrirtækið telji framkvæmdina ekki framkvæmdaleyfisskylda. Af svörum fyrirtækisins er ekki að öllu leyti skýrt af hverju fyrirtækið telji framkvæmdina ekki framkvæmdaleyfisskylda. Af bréfinu frá 13. ágúst og því sem fram kom á fundinum 19. ágúst virðist mega draga þá ályktun að fyrirtækið telji framkvæmdina óverulega í skilningi 5 gr. reglugerðarinnar. Ekki hafa þó ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn eða upplýsingar af hálfu fyrirtækisins til að Mosfellsbæ sé kleift að leggja mat á það hvort að framkvæmdin sé í raun meiriháttar eða óveruleg. Fyrir liggur að á árinu 2016 sótti fyrirtækið um framkvæmdaleyfi vegna sambærilegra framkvæmda í Þormóðsdal og verður af því máli ekki annað ráðið en fyrirtækið hafi á þeim tíma litið svo á að þær framkvæmdir hafi verið framkvæmdaleyfisskyldar. Í öllu falli er ljóst að afstaða sveitarfélagsins á þeirri framkvæmd var sú að hún væri framkvæmdaleyfisskyld. Ekkert hefur hins vegar enn komið fram hvort og þá að hvaða leyti núverandi framkvæmd er frábrugðin framkvæmdinni sem til stóð árið 2016. Mosfellsbær býr því sem stendur ekki yfir fullnægjandi upplýsingum sem leitt geta fram að framkvæmdin í ár teljist óveruleg, en líkt og fram kemur í 4. gr. reglugerðarinnar er það leyfisveitandi sem metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld.



Með vísan til 7. gr. reglugerðarinnar er farið fram á að fyrirtækið afhendi frekari gögn til að sveitarfélagið geti uppfyllt þá skyldu sína að leggja sjálfstætt mat á það hvort fyrirhuguð framkvæmd sé meiriháttar eða óverulega. Er farið fram á að eftirfarandi gögn um fyrirhugaða framkvæmd verði lögð fram:

1. Upplýsinga sem vísað er til í 1.-3. og 5.-6 tölul. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012.
2. Upplýsinga sem vísað er til í 3. og 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, eftir því sem við getur átt.
3. Þá er óskað rökstuðnings fyrirtækisins á því af hverju framkvæmdin teljist óveruleg m.a. með vísan til þess að sú framkvæmd sem fyrirhuguð var á árinu 2016 var talin meiriháttar.

Af hálfu Mosfellsbæjar er ítrekað með bréfi þessu að þar til að mat leyfisveitanda á því hvort framkvæmd teljist meiriháttar eða óveruleg liggur fyrir sé fyrirtækinu óheimilt að hefja framkvæmdir og þess því krafist að allar framkvæmdir sem hafnar eru verði stöðvaðar þar til niðurstaða liggur fyrir. Í bréfi Mosfellsbæjar þann 9. ágúst sl. kom sambærileg krafa fram.

Hyggist fyrirtækið ekki una við þá afstöðu sveitarfélagsins er bent á að mögulegt er að óska eftir afstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.

III.

Að lokum verður ekki hjá því komist að mótmæla ýmsu því sem fram kemur í bréfi fyrirtækisins frá 13. ágúst 2021. Þannig er í bréfinu vísað til þess að sveitarfélagið hafi brotið gegn 7. og 9. gr. stjórnsýslulaga.

Líkt og fram hefur komið hefur fyrirtækið Iceland Resources áður ætlað að framkvæma rannsóknir sambærilegar þeim sem nú eru fyrirhugaðar eða hafnar. Í því tilviki þ.e. á árinu 2016 var sótt um tilskilin leyfi en útgáfu þeirra hafnað af hálfu sveitarfélagsins. Var m.a. um þetta fjallað á fundi með bæjarstjóra þann 10. júní sem vísað er til í bréfinu. Með vísan til framangreinds gat sveitarfélagið ekki búist við öðru en fyrirtækið hygðist leggja fram umsókn um tilskilin leyfi. Það hefur ekki enn verið gert með fullnægjandi hætti.

Með vísan til framangreinds er því harðlega mótmælt að ósk Mosfellsbæjar með bréfi dags. 9. ágúst sl. um að fyrirtækinu sé nauðsynlegt að leggja fram fullnægjandi upplýsingar svo hægt sé að meta hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld verði talin fela í sér brot á 7. og 9. gr. stjórnsýslulaga líkt og haldið er fram sem skuli leiða til þess að slík krafa sveitarfélagsins sé of seint fram komin. Ekki er með nokkru móti hægt að fallast á að tíminn frá því fyrirætlanir félagsins voru með óformlegum hætti kynntar munnlega fyrir bæjarstjóra án framlagningu nokkurra gagna þann 10. júní þar til fyrirtækinu var bent á að framkvæmd kunní að vera framkvæmdaleyfisskyld, verði talin svo langur að hann feli í sér brot á leiðbeiningareglu og málshraðareglu stjórnsýslulaga. Hvað þá að slíkt leiði til þess að afsakanlegt og réttlætanlegt sé að fyrirtækið hafi þegar hafið starfsemi án leyfis frá sveitarfélaginu.

Fyrirtækjum ber að fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um starfsleyfi þeirra. Jafnvel þó fallist yrði á að Mosfellsbæ hefði átt að leiðbeina fyrirtækinu um nauðsyn þess að sækja um starfsleyfi með skjóttara hætti, sem af hálfu sveitarfélagsins er alfarið hafnað, þá myndi slíkt



töf á leiðbeiningum ekki leysa fyrirtækið undan þeirri skyldu að sækja um tilskilin leyfi sem löggjöf gerir áskilnað um. Með engum hætti er hægt að fallast á að hægt sé að túlka ákvæði laga með þeim hætti að þegar fyrirtæki láti undir höfuð leggjast að sækja um tilskilin leyfi að slíkt verði talið réttlætanlegt bregðist stjórnvöld ekki við með leiðbeiningum með nægilega skjóttum hætti.

IV.

Með bréfi þessu er skorað á fyrirtækið að leggja fram fullnægjandi upplýsingar til að sveitarfélagið geti lagt mat á hvort framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld sbr. 4. mgr. reglugerðarinnar, þ.e. hvort framkvæmdin sé meiriháttar eða óveruleg, sbr. það sem fram kemur í kafla II í þessu bréfi. Til upplýsingar þá má gera ráð fyrir að skipulagsnefnd fjalli um erindi félagsins. Skipulagsnefnd fundar annan hvorn föstudag og fer næsti fundur nefndarinnar fram föstudaginn 27. ágúst nk. Fundarboð nefnda eru send út með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.

Þar til ákvörðun um framangreint liggur fyrir er þess krafist að séu framkvæmdir hafnar líkt og ráða má af bréfi fyrirtækisins og þess sem fram kom á fundi, að þær verði stöðvaðar þar til ákvörðun sveitarfélagsins um það hvort þörf er á framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir.

Uni fyrirtækið ekki þeirri afstöðu sveitarfélagsins er hægt að vísa málinu til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Virðingarfyllst,



Jóhanna B. Hansen,
framkvæmdastjóri umhverfissviðs

